

## Efni fundar: 19. fundur kennararáðs, sjá meðf. dagskrá

Kópavogi, 19. maí 2022

Tilvísun: M22050083

**Fundarmenn:** Anna María Gunnarsdóttir, Birgir Ásgeirsson, Freyja Hreinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson, Haraldur F. Gíslason, Ingimar Ólafsson Waage, Kristinn Þorsteinsson, Jónína Hauksdóttir, Sonja Dögg Pálsdóttir, Ragnar F. Ólafsson, Svandís Ingimundardóttir og Þorgerður Laufey Diðriksdóttir. Oddný Sturludóttir sat fundinn undir lið 2.

**Fjarverandi:** Karl Frímansson

**Fundarritari:** Ingileif Ástvaldsdóttir, starfsmaður kennararáðs

### Dagskrá fundar:

1. Dagskrá fundar og fundargerð 18. fundar
2. Menntafléttan. Kynning á stöðu verkefnisins og námskeiðum næsta vetrar
3. Reglugerð um hæfniramma með viðmiðum fyrir almenna og sérhæfða hæfni kennara og skólastjórnenda. Kynning á stöðu vinnunnar
4. Leiðbeiningar um verklag við ráðningu kennara og skólastjórnenda. Bráðabirgðakynning á niðurstöðum kynningar sem send var til skólastjórnenda á öllum skólastigum.
5. Önnur mál

### Umræður og ákvarðanir:

1. Formaður bar upp dagskrá fundarins og fundargerð 18. fundar. Engar athugasemdir voru gerðar við dagskrá né fundargerð 18. fundar og skoðast hún því samþykkt.
2. Oddný Sturludóttir kynnti Menntafléttuna og námskeiðin sem bjóðast undir hatti hennar á næsta skólaári. Einnig sagði hún frá Opnu Menntafléttunni sem er tilboð vefnámskeiða sem þegar hafa verið kennd á námskeiðum Menntafléttunnar. Í umræðum var spurt um hvernig kennararáð getur ýtt undir að Menntafléttan muni halda áfram að vaxa og festast í sessi. Í því sambandi var rætt um innleiðingu á Menntastefnu 2030. Spurt hvort í farvatninu væri að gera Menntafléttuna að einingabæru námi til að auka á skuldbindingu þátttakenda. Oddný svaraði því til að hugmyndafræði og vinnuframlag þátttakenda í námskeiðum Menntafléttunnar eins og hvoru tveggja er nú þá uppfyllir það ekki vinnuframlagi í einingabæru námi. Einnig kom fram sú skoðun að nauðsynlegt væri að bjóða fjölbreytta starfsþróun og að hvatningin þyrfti að vera margvísleg, ekki aðeins launatengd eða söfnun ETCS eininga. Í máli fundarmanna kom fram almenn ánægja með gróskuna sem fylgir Menntafléttunni og hlut Oddnýjar í uppbyggingu hennar. Rætt um nauðsyn þess að Menntafléttan fengi áframhaldandi stuðning þannig að hún eigi sér framhaldslíf. Bent var á að í aðgerðaráætlun Menntastefnu til 2030 er fjallað um Menntafléttuna í þriðja verkþætti í aðgerð 5: Hæfni fagstétta í skólastarfi.
3. Ingileif Ástvaldsdóttir kynnti bráðabirgðaniðurstöður könnunar sem send var út til stjórnenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Um 180 manns hafa svarað könnuninni. Þar kemur fram:

- a. Meirihluti svarenda hefur kynnt sér leiðbeiningarnar.
- b. Meirihluti þeirra sem hafa kynnt sér leiðbeiningarnar hafa nýtt sér þær og hafa þær nýst þeim vel eða mjög vel.
- c. Svörun er varðar hvaða kaflar leiðbeininganna svarendur hafa nýtt sér mest þá dreifist svörunin nokkuð jafnt á milli kaflanna. Þó hafa svarendur nýtt kaflana Auglýsing og Ráðningar mest.
- d. Af þeim sem hafa ekki kynnt sér leiðbeiningarnar segja flestir að þau hafi ekki vitað af tilvist þeirra. Í textasvörum segja svarendur að þau hafi nýtt sér verkefna sveitarfélagsins, eigin skóla og ríkisins í stað leiðbeininganna sem hér um ræðir.
- e. Þegar spurt er um úrbætur á leiðbeiningunum nefna svarendur kynningu og aðgengi, stytta og einfalda (gátlista) og að fá áminningu um tilvist þeirra oftast senda frá Mms. Einnig er minnst á leiðbeiningar varðandi ráðningu kennaranema og samræmingu við einstök ráðninga-, tímaskráningar og skjalakerfi sveitarfélaga.

Könnunin verður opin 27. maí og endanlegar niðurstöður hennar ásamt tillögum til úrbóta verða kynntar á næsta fundi kennararáðs.

4. Sonja Dögg Pálsdóttir greindi frá því að reglugerðardrögin væru til yfirlestrar hjá lögfræðingum mennta- og barnamálaráðuneytisins. Áformað er að drögin verði send til kennararáðs þegar því er lokið. Lögð er áhersla á að reglugerðin fari í samráðsgátt fyrir sumarleyfi.
5.
  - a. Formaður minnti á næsta fund og sagði að stefnt væri að því að hafa ekki fund í júlí.
  - b. Spurt um sýnileika kennararáðs í þekkingarleit menntamála og bent á möguleika ráðsins til að vera þátttakendur í t.d. Menntakviku og Læsisráðstefnu HA sem haldin er árlega.
  - c. Bent á að Læknafélagið hefur þegar tekið upp starfsþróunarvegabréf og því velt upp hvort það myndi gagnast kennararáði að fá kynningu á því frá Læknafélaginu. Formaður benti á að það verkefni væri á hendi KÍ.
  - d. Spurt um ársskýrslu og sýnileika á störfum kennararáðs. Bent á vefsíðu kennararáðs: kennararad.is og þar er flípi með yfirliti yfir störf ráðsins.

## Næsti fundur:

Dagsetning 23. júní 2022 kl. 13:00-16:00.

## Undirskrift/ upphafsstafir fundarritara:

ÍÁ